

**TILSKIPUN**

um

**62**

31. maí

**breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi þegar eru lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Vér skipum hérmeð svo fyrir um breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir, sem hér segir:

Allar framkvæmdir fyrir Minningarsjóð Herðisar og Ingileifar Benediktsen hverfa undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og eru ákvæði III. gr. í tilskipun 2. marz 1908, um afskifti annara af málefnum sjóðsins, þar með úr gildi fallin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 31. maí 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Jónas Jónsson.*